



HAFNARFJÖRÐUR

INNKAUPAREGLUR HAFNARFJARÐARBÆJAR

1. gr.

Tilgangur

Reglur þessar eru settar til að stuðla að vönduðum, hagkvænum og vistvænum innkaupum Hafnarfjarðarbæjar og tryggja gæði vörum, þjónustu og verka sem sveitarfélagið kaupir.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að sveitarfélagið hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnsýsla á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanleika í framkvæmd, gagnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup.

Jafnframt er reglum þessum ætlað að efla nýsköpun og þróun við innkaup sveitarfélagsins.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir allar stofnanir, svið og deildir sem reknar eru af Hafnarfjarðarbæ.

3. gr.

Lög og reglur um innkaup

Innkaupareglum skal fylgt við öll innkaup Hafnarfjarðarbæjar, sem og viðkomandi lögum þar sem við á.

4. gr.

Hugtakið innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.



HAFNARFJÖRÐUR

5. gr.

Innkaupaaðferðir

Við innkaup sveitarfélagsins skulu þær innkaupaaðferðir notaðar sem nefndar eru í lögum hverju sinni.

- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.

6. gr.

Umsjón og ábyrgð innkaupa - útgjaldahheimildir

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins samkvæmt sveitarstjórnlögum. Bæjarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar.


Forstöðumönnun, deildarstjórum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda.

Forstöðumenn, deildarstjórar geta, með samþykki bæjarstjóra, veitt einstökum starfsmönnunum heimild til að stofna til útgjalda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglina sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup. Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber fjármálastjóri ábyrgð á að viðhalda skránni.

Innkaupastjóri hefur yfirumsjón með öllu forvali, útboðum og fyrirspurnum sem og samningskaupum, nema annað sé tekið fram. Innkaupastjóri skal tryggja að öll vinna við auglýsingar og kynningar er varða innkaup sé samræmd. Innkaupastjóri veitir stjórnendum sveitarfélagsins ráðgjöf og aðstoð við innkaup.

Umhverfis- og framkvæmdir annast öll útboð og innkaup sem undir starfsemi þessa fellur, í samræmi við reglur þessar.

Innkaupastjóri skal halda skrá yfir allar verðkannanir og útboð á vegum sveitarfélagsins.



HAFNARFJÖRÐUR

7. gr.

Áætlun fjárhæða innkaupa

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin birtist. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðnir eru út.

Óheimilt er að gera ótímbundna samninga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti til að lækka fjárhæð, eða áætlaða fjárhæð, innkaupa í þeim tilgangi að komast hjá útboði/verðfyrirspurn. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila og skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

8. gr.

Samræming innkaupa


Innkaupastjóri skal hafa frumkvæði að því að samræma innkaup Hafnarfjarðarbæjar þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir Hafnarfjarðarbæjar hafa almennt not fyrir.

9. gr.

Hvenær útboð skal viðhaft

Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup. Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegra framkvæmda er yfir 30 mkr. skal útboð viðhaft. Ef áætluð fjárhæð vegna kaupa á þjónustu fer yfir 15 mkr. eða yfir 10 mkr. vegna vörukaupa skal sömuleiðis viðhafa útboð.

Allar tölur eru án virðisaukaskatts.



HAFNARFJÖRÐUR

10. gr.

Útboðsgögn

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út. Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar við val á samningsaðila.

11. gr.

Verðfyrirspurnir

Þegar ekki er viðhaft útboð eins og meginreglan í 1. mgr. 9. gr. kveður á um vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu skal verðfyrirspurn að jafnaði vera undanfari viðskipta. Skylt er að nota verðfyrirspurn þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegra framkvæmda er yfir 20 milljónir kr., yfir 10 milljónir kr. þegar um þjónustukaup er að ræða, en yfir 5 milljónir kr. þegar um vörukaup er að ræða. Öll viðmiðunarverð eru án virðisaukaskatts.

Innkaupastjóri Hafnarfjarðarbæjar annast verðfyrirspurnir á vöru og þjónustu fyrir stofnanir, deildir og fyrirtæki Hafnarfjarðarbæjar, nema annað sé ákveðið sbr. ákvæði 6. gr. Verðfyrirspurn er framkvæmd, þar sem útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út verðfyrirspurnir og taka við tilboðum í verðfyrirspurnir með símbréfi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, verðfyrirspurnargagn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun verðfyrirspurnar á tilsettum opnunartíma skal skráð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur upplýstir um val á tilboði.

12. gr.

Undanþága frá útboði og verðfyrirspurn

Heimilt er að veita undanþágu frá útboði og verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður fæst eingöngu hjá einum aðila. Sá sem undanþágu getur veitt er bæjarstjóri.



HAFNARFJÖRÐUR

13. gr.

Samningsgerð

Innkaupastjóri skal annast alla samningsgerð í framhaldi útboða og verðfyrirspurna ef ekki er annað ákveðið sbr. 6. gr. Meginmarkmið með þessu er að samræma vinnubrögð og meðferð samninga. Allir samningar skulu vistaðir í skjalakerfi sveitarfélagsins.

14. gr.

Meðferð reikninga vegna innkaupa


Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um greiðslutilhögun. Það er stefna Hafnarfjarðarbæjar að færa sem mest af reikningsviðskiptum yfir í rafræn viðskipti.

15. gr.

Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætið skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu og samkvæmt lögum og reglum. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Ef meta skal tilboða á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið í útboði hverjar þær forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi. Við mat á hagkvæmni tilboðs skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða m.a. liftímakostnaðar þar sem það á við.



HAFNARFJÖRÐUR

16. gr.

Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda

Óheimilt er að gera samning við þann aðila sem eftirfarandi á við:

- Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
- Er í vanskilum með opinber gjöld.
- Er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða iðgjöld starfsmanna sinna.

Þegar áætluð samningsfjárhæð, vegna verk- og þjónustusamninga, er yfir 30 milljónir króna án virðisaukaskatts skal skoða ársreikning aðila. Heimilt er að gera kröfu um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa. Bæjarstjóri getur látið kanna fjárhag bjóðenda og staðfestir skriflega að bjóðandi hafi skilað inn tilskyldum gögnum og staðist fjárhagsskoðun.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggar fyrir og samningur er frágenginn.

17. gr.

Ákvörðunarvald um val á samningsaðilum og þátttakendum

Að loknu útboði skal kaupandi leggja fram rökstudda tillögu um val á samningsaðila. Hið sama gildir um val á þátttakendum í lokuðu útboði. Verði ágreiningur á milli kaupanda og innkaupastjóra skal honum vísað til ákvörðunar bæjarráðs. Kaupanda er jafnframt ætíð heimilt að vísa málum til bæjarráðs þótt ekki sé ágreiningur.

Þegar þátttakendur í lokuðu útboði, hönnunarsamkeppni og annars konar samkeppni eru valdir af sérstakri forvalsnefnd eða dómnefnd skal niðurstaðan lögð fyrir viðkomandi ráð. Sama regla á við þegar dómnefnd metur og velur vinningshafa í samkeppni. Skýrt skal koma fram í forvalsgögnum eða öðrum gögnum, sem dreift er til hugsanlegra þátttakenda, hvaða forsendur dóm— eða forvalsnefnd skuli leggja til grundvallar í vali þátttakenda.



HAFNARFJÖRDUR

18. gr.

Kærur og kvartanir

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup getur aðili borið fram kæru til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal berast nefndinni skriflega innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, er hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá sveitarfélaginu sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að bera erindi þar um til bæjarráðs. Kvörtun skal berast bæjarráði skriflega innan fjögurra vikna frá því að kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

19. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður Hafnarfjarðarbæjar né fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má hafa aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum sveitarfélagsins og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið nema með samþykki yfirmanns hverju sinni.

20. gr.

Tengdir aðilar

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber fjármálastjóri ábyrgð að uppfæra skrána. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 19. gr. um hæfis- og siðareglur.



HAFNARFJÖRÐUR

21. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmunu samkvæmt lögum eða eðli máls.

22. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar um vísan til 19. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og samþykktar á bæjarstjórnarfundi Hafnarfjarðarbærar þann 13.03. 2013 til að öðlast þegar gildi.

Fjárhæðir samkvæmt reglum þessum skulu breytast árlega með hliðsjón af breytingu á neysluverðsvísitölu.

Hafnarfjarðarbær 13.03.2013
Guðrún Agústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri